*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 132/1931*
*komudagur 13/5 2006*

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis
Allsherjarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. apríl 2006

**Efni: Frumvarp til laga um breyting á lögum um Vísinda- og tækniráð, 744. mál.**

Frumvarpið er til þess fallið að auka samræmingu og samþættingu milli ráðuneyta og stofnana og stuðla að nauðsynlegri einföldun og aukinni skilvirkni.

Þær breytingar sem frumvarpið gerir ráð fyrir víkka út núverandi verksvið ráðsins og auka hlut atvinnulífsins í störfum þess. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að forsætisráðherra skipi tvo nýja fulltrúa í ráðið án tilnefningar. Í greinargerð segir: „Er við það miðað að þeir komi úr atvinnulífinu og hafi reynslu eða sérþekkingu sem nýst getur við hagnýtingu rannsókna. Með þessu opnast sá möguleiki að skipa í ráðið menn sem eru starfandi í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum."

Samtökin telja eðlilegt að kveða skýrt á um það í lögunum sjálfum að forsætisráðherra skipi menn úr atvinnulífinu og jafnframt að það verði gert samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins þannig að þau tilnefni framvegis fjóra fulltrúa í stað tveggja eins og nú er. Sá háttur væri í betra samræmi við þann tilgang sem fram kemur í frumvarpinu um ástæður breytinga og jafnframt kynningu á málinu þegar það var í undirbúningi.

Samtökin styðja að frumvarpið verði að lögum að teknu tilliti til þeirra athugsemda sem að ofan greinir.

Landssamband ísl. útvegsmanna

Samorka

Samtök atvinnulífsins

Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnaði

Samtök ferðaþjónustunnar

Samtök fiskvinnslustöðva

Samtök fjármálafyrirtækja

Samtök iðnaðarins

SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu

JS - 6.11.01 ALL 2006 vísinda- og tækniráð 744mál 2006-04